

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 425/2016, um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 5. gr. reglnanna bætist ný málsgrein, sem verður 2. mgr., svohljóðandi:
Seðlabanki Íslands telst ekki eigandi rafrænt skráðra verðbréfa á umsýslureikningi. Umsýslureikningum fylgir ekki atkvæðisréttur á hluthafafundum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglnanna:

- a. Á eftir orðunum „Við flutning rafrænt skráðra verðbréfa“ í 1. mgr. kemur: skv. 1. mgr. 5. gr. laga um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum,
- b. Við greinina bætist ný málsgrein, sem verður 4. mgr., svohljóðandi:
Ef vörsluaðili reidur sig á upplýsingar frá þriðja aðila, sbr. heimild í 16. gr. laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, er fullnægjandi að vörsluaðilinn veiti Seðlabankanum yfirlýsingu þess efnis sem kemur þá í stað yfirlýsingar skv. 1. mgr.

3. gr.

Ákvæði 8. gr. reglnanna fellur brott.

4. gr.

Á eftir 13. gr. reglnanna kemur ný grein sem verður 14. gr., svohljóðandi, og breytist númeraröð annarra greina samkvæmt því:

Framkvæmd vörslu á umsýslureikningum.

Seðlabanki Íslands tekur við greiðslum fyrir hönd vörsluaðila frá einstökum útgefendum rafrænt skráðra verðbréfa, þ. á m. arðgreiðslum, óski vörsluaðili þess.

Seðlabanki Íslands heldur rafrænt skráðum verðbréfum á umsýslureikningum aðgreindum frá eignum sínum. Hið sama á við um greiðslur í tengslum við slík verðbréf skv. 1. mgr.

5. gr.

Samþykki ráðherra.

Reglur þessar hafa verið samþykktar af fjármála- og efnahagsráðherra og er samþykkið birt sem fylgiskjal með reglunum.

6. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, nr. 37/2016, taka þegar gildi.

Reykjavík, 18. nóvember 2016.

Seðlabanki Íslands,

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri.

Guðmundur Sigbergsson,
starfandi frkv.stj. gjaldeyriseftirlits.

Fylgiskjal.

Samþykki ráðherra.

Með vísan til 2. másl. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 37/2016, um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, hefur fjármála- og efnahagsráðherra samþykkt reglur um breytingu á reglum Seðlabanka Íslands nr. 425/2016, um meðferð krónueigna sem háðar eru sérstökum takmörkunum, með síðari breytingum.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 18. nóvember 2016.

F. h. r.

Guðrún Þorleifsdóttir.

Guðmundur Kári Kárason.